

FUNDARGERÐ 526. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 11. mars 2026. Fundurinn er settur klukkan 07:30. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík.

Fundarstjóri: Dóra Björt Guðjónsdóttir.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlööversson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins er boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar, og er því ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Ársuppgjör SORPU 2025

Theodór S. Sigurbergsson og Sif Jónsdóttir, endurskoðendur hjá Grant Thornton, og Sigrún Guðmundsdóttir endurskoðandi taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fjármálastjóri og gestir gera grein fyrir drögum að ársuppgjöri SORPU bs., og Metan ehf., dótturfyrirtæki SORPU.

Samþykkt ársuppgjöra er vísað til næsta fundar stjórnar.

Gestir víkja af fundi eftir afgreiðslu málsins.

2. Húsnæði undir bætta textílflokkun

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu leitar að nýju húsnæði fyrir textílvinnslu SORPU.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að ganga til samninga við leigusala á því húsnæði sem var kynnt.

3. Yfirlit yfir mótvægisáðgerðir við þeim áhættum sem áhættunefnd veur athygli á

Ísól Fanney Ómarsdóttir, áhættustjóri SORPU, tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Sigrún Guðmundsdóttir endurskoðandi tekur aftur sæti á fundinum undir þessum lið.

Áhættustjóri gerir grein fyrir mótvægisáðgerðum við helstu áhættum sem áhættunefnd gerði grein fyrir á síðasta fundi stjórnar.

4. Starfsskýrsla endurskoðunarnefndar fyrir árið 2024-2025

Sigrún Guðmundsdóttir endurskoðandi fer yfir starfsskýrslu endurskoðunarnefndar fyrir árið 2024-2025.

5. Skýrsla innri endurskoðunar fyrir árið 2025

Magnús Mar Vignisson, Ómar Ómarsson og Jóhanna Guðmundsdóttir, endurskoðendur hjá PWC, taka sæti á fundinum undir þessum lið. Sigrún Guðmundsdóttir situr áfram undir þessum lið.

Gestir gera grein fyrir skýrslu innri endurskoðunar fyrir árið 2025.

Gestir víkja af fundi eftir afgreiðslu málsins.

6. Niðurstöður húsasorpsrannsóknar

Gyða Sigríður Björnsdóttir, umhverfisstjóri SORPU, tekur sæti á fundinum og gerir grein fyrir niðurstöðum húsasorpsrannsóknar SORPU.

Niðurstöður hennar, og rannsóknar fyrri ára, eru aðgengilegar á vef SORPU, <https://www.sorpa.is/frodleikur/husasorpsrannsokn-sorpu/>

7. Starfs- og siðareglur stjórnar

Frestað.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 18. mars 2026 klukkan 08:15.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 09:54.